
Móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 15. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Vestmannaeyjabæjar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöðvar úrgangsefna í Vestmannaeyjum, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vestmannaeyjabæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum. Tillaga að matsáætlun. Alta, febrúar 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. apríl 2019
- Matvælastofnun með bréfi dags. 2. apríl 2019
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. apríl 2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 4. apríl 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. apríl 2019
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 9. apríl 2019

Ekki barst umsögn frá Vestmannaeyjarbæ.

Athugasemd við tillögu að matsáætlun barst frá:

- Magna Frey Haukssyni með bréfi dags. 5. apríl 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 10., 11. og 29. apríl 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Botnaska

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að botnaska sé meginhluti úrgangs frá brennslustöð og sé gert ráð fyrir að hún muni uppfylla kröfur sem óvirkur úrgangur og m.a. sé til skoðunar hvort nýta megi hana til landmótunar í Búastaðagryfju.

Umhverfisstofnun bendir á að almenn urðun á óvirkum úrgangi sé ekki heimil í Búastaðagryfju og einnig sé ósennilegt að botnaska muni uppfylla kröfur um óvirkan úrgang.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum athugana á samsetningu úrgangs sem fer til brennslu og líklegri efnasamsetningu botnösku. Ennfremur þarf að gera grein fyrir leiðum til förgunar botnösku í samræmi við efnasamsetningu hennar.

Ásýnd og jarðmyndanir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram móttökustöðin við Eldfellsveg sé í hrauninu sem hafi runnið frá Eldfelli 1973 og njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Tekið sé fram að móttökustöðin sé í samræmi við Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 en í skilmálum fyrir svæðið segi að forðast skuli að raska jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til og hraunkantar verði áfram nýttir til að draga úr sjónrænum áhrifum af starfseminni.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. greinargerð verði ekki fjallað sérstaklega um vernd eða áhrif framkvæmda á jarðmyndanir í frummatsskýrslu Nauðsynlegt sé að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði tekið fram hvort rask verði á hrauninu umfram það sem þegar hafi orðið og að umfang rasksins verði metið, t.a.m. við lagningu nýs aðkomuvegar. Þá þurfi að taka fram þá brýna nauðsyn og ríku hagsmuni sem réttlæti rask á jarðmyndunum sem njóti verndar.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé líklegt að jarðmyndanir verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmdinni. Nýr aðkomuvegur sé áætlaður á röskuðu hrauni, manngerð jarðvegsmön sé næst veginum og innan hennar hafi yfirborð hraunsins verið sléttað. Því verði ekki rask á öröskuðum jarðmyndunum sem njóti verndar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim neikvæðu áhrifum framkvæmdarinnar á hraunið frá Eldfelli ef um slík áhrif verður að ræða.

Lífrænn úrgangur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði nánar fjallað um móttöku, meðhöndlun og geymslu á lífrænum úrgangi eins og starfsemin sé í dag og miðað við þær endurbætur sem áformaðar séu við endurskipulagningu lóðarinnar. Lífrænn úrgangur sé nýttur í moltugerð.

Umhverfisstofnun bendir á að ef stefnt sé að því að stunda jarðgerð (moltugerð) þá þurfi að fjalla um það í mati á umhverfisáhrifum og í starfsleyfisumsóknarferli stöðvarinnar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni úrgangs sem verður tekið á mót, þar á meðal á lífrænum úrgangi, hvernig staðið verði að meðhöndlun hans og geymslu svo og endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun.

Orkunýting

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að í öllum undirbúningi þurfi að tryggja að rekstrargrundvöllur brennslunnar sé tryggur þannig að jafnvægi sé á milli magns úrgangs sem sé eldsneyti fyrir brennsluna og æskilegrar nýtingar stöðvarinnar og framleiðsla varmaorku skapi tekjur.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í lokaskýrslu vinnuhóps um framtíðarskipan sorpmála í Vestmannaeyjum sé frá árinu 2015 en varmadælustöð hafi verið tekin í notkun í Vestmannaeyjum árið 2018. Stofnunin telji mikilvægt að í frummatsskýrslu séu þessar forsendur teknar inn í umfjöllun um nýtingu þess varma sem verði til í fyrirhugaðri brennslustöð.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er bent á að varmaorka sé ábati af brennslustöðinni og að til skoðunar sé að selja orkuna til HS veitna sem eigi og reki dreifikerfi fyrir heitt vatn í Eyjum. Í frummatsskýrslu verði umfjöllun um varmaorku frá orkunýtingarkerfinu, hvernig eigi að nýta hana og hvað gert verði við umframorku, ef um hana verði að ræða.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ráðstöfun varmaorku frá sorpbrennslustöðinni.

Samsetning úrgangs

Fram kemur að með nýrri sorpbrennslustöð verði sú breyting að blandaður úrgangur, 1.600-2.100 tonn miðað við reynslu síðustu ára og litað timbur, sem í dag sé flutt í burtu í urðun, fari í brennslu. Gert sé ráð fyrir þeim möguleika að fleiri úrgangstegundir fari í brennslu, eftir því sem hagkvæmt verði t.d. plast sem fari í dag í brennslu til orkunýtingar í Svíþjóð. Miðað hafi verið við að brennslan verði fyrst og fremst nýtt fyrir úrgang frá Vestmannaeyjum.

Umhverfisstofnun vísar til þess að í framtíðinni þurfi að gera ráð fyrir því að magn úrgangs muni minnka, stofnunin telji að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að fjalla um sviðsmyndir sem geri ráð fyrir innflutningi úrgangs frá öðrum landshlutum/sveitarfélögum til brennslu svo að rekstrargrundvöllur brennslustöðvar haldist.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði upplýsingar um úrgang undanfarinna ára og spáð fyrir um mögulega þróun á næstu árum, að teknu tilliti til íbúafjölda og mögulegrar atvinnustarfsemi. Rekstrargrundvöllur brennslunnar verði metinn út frá þeim spám og fjallað um möguleika á að afla hráefnis fyrir brennsluna annars staðar frá eftir því sem við eigi. Þá geti átt við að leggja fram upplýsingar um það hvaða magn þurfi í brennsluna hið minnsta, til að stöðin sé rekstrarhæf.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spám um mögulega þróun úrgangs til brennslu í Vestmannaeyjum og rekstrargrundvelli brennslunnar svo og sviðsmyndum sem gera ráð fyrir flutningi úrgangs frá öðrum sveitarfélögum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvernig förgun úrgangs verði í Vestmannaeyjum samanborið við annars staðar á landinu.

Loftgæði

Fram kemur að brennsla úrgangs hafi í för með sér hættu á mengun lofts og því sé í sorpbrennslustöðvum gerð krafa um búnað til hreinsunar á útblæstri. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á grunnildum loftgæða á svæðinu. Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mengunarefnum frá brennslunni og mengunarvarnarbúnaði.

Veðurstofa Íslands bendir á að á Stórhöfða fari fram vöktun margvíslegra efna í úrkomu og andrúmslofti. Mikilvægt sé að gerð verði grein fyrir mögulegri mengun frá nýrri móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð úrgangsefna, hvaða mengandi efni gætu borist frá stöðinni, í hvaða magni þau gætu orðið og hvernig styrkur þeirra yrði vaktaður. Enn fremur þurfi að upplýsa hvernig ný stöð víki frá fyrra fyrirkomulag varðandi efni og dreifingu þeirra í andrúmslofti.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mengunarefnum og mengunarvarnarbúnaði. Grunnástand verði skilgreint sem styrkur mengunarefna vorið 2019, án brennslustöðvarinnar og þar byggt á rannsóknnum á gróðri í nágrenni stöðvarinnar, t.d. mosa og jarðvegi. Unnin verði loftdreifingarspá og í henni tilgreind öll efni sem eru í reglugerðum um umhverfismörk í andrúmslofti og brennslu spilliefna. Fjallað verði um vöktunarmælingar og gagnasöfnun. Afmarkað verði líklegt áhrifasvæði framkvæmdarinnar t.d. vegna loftmengunar skv. dreifingarspá. Ekki sé gert ráð fyrir að fjalla um fyrirkomulag fyrir sorpbrennslu og þau efni sem bárust frá henni og dreifingu þeirra í andrúmslofti.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun frá nýrri móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð, hvaða mengandi efni geta borist frá stöðinni, í hvaða magni þau geta orðið, dreifingu þeirra og hvernig styrkur þeirra verður vaktaður. Enn fremur þarf að upplýsa eftir því sem hægt er hvaða breytingar verði á mengunarmálum með nýrri brennslustöð.



Staðsetning

Fram kemur að í frummatsskýrslu verði fjallað um valkosti við staðsetningu og núllkost. Ekki hafi mörg svæði komið til greina og enginn annar raunhæfur staðarvalskostur en núverandi móttökustöð við Eldfellsveg hafi komið fram við undirbúning stöðvarinnar. Móttökustöð fyrir sorp hafi árum saman verið við Eldfellsveg og sorpbrennslustöð frá 1993-2011. Dregið verður verulega úr sjónrænum áhrifum með mönum og með því að móta svæðið inn í hraunið. Þrátt fyrir að svæðið sé stutt frá íbúðasvæði þá hafi það valdið lítilli truflun.

Magni Freyr Hauksson leggst alfarið gegn því að hafa sorpbrennslustöð á fallegasta stað í eyjum, fyrir allra augum, heimamanna og ferðamanna og nefnir að finna ætti stað sem blasi ekki við t.d. við Urðarvita.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er áréttað að svæði móttökustöðvarinnar hafi verið eini raunhæfi staðarvalskosturinn fyrir brennslustöðina og niðurstaða Vestmannaeyjabæjar að nýrri brennslustöð sé best fyrir komið í húsnæði gömlu brennslustöðvarinnar við Eldfellsveg inni á móttöku- og flokkunarsvæðinu sem þar sé nú.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um staðsetningarkosti nýrrar móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöðvar. Gera þarf grein fyrir hvaða svæði komu til greina, sbr. kafla 2.4. Gera þarf grein fyrir þeim gögnum sem lágu fyrir við mat á þeim svæðum sem komu til skoðunar og leggja mat á þann kost sem bent var á í athugasemd. Rökstyðja þarf staðarval m.a. með tilliti til sjónrænna áhrifa, séð frá, íbúðabygging, vegum og gönguleiðum.

Vöktun

Fram kemur að í reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 séu skýrar kröfur um vöktun mengunargilda í útblæstri með símælingum og gagnasöfnun um útblástur og hitastig í brennsluhólfum. Í frummatsskýrslu verði fjallað um framkvæmd vöktunarmælinga og gagnasöfnun.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vestmannaeyjabæjar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum athugana á samsetningu úrgangs sem fer til brennslu og líklegri efnasamsetningu botnösku. Ennfremur verði gerð grein fyrir leiðum til förgunar botnösku í samræmi við efnasamsetningu hennar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á hraunið frá Eldfelli.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir móttöku, meðhöndlun og geymslu svo og endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun, alls úrgangs sem berst í móttökustöðina og þar á meðal á lífrænum úrgangi.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ráðstöfun varmaorku frá sorpbrennslustöðinni.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spám um mögulega þróun úrgangs til brennslu í Vestmannaeyjum og rekstrargrundvelli brennslunnar svo og sviðsmyndum sem gera ráð fyrir flutningi úrgangs frá öðrum sveitarfélögum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvernig förgun úrgangs verði í Vestmannaeyjum samanborið við annars staðar á landinu.



6. Í frummasskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri mengun frá nýrri móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð, hvaða mengandi efni geta borist frá stöðinni, í hvaða magni þau geta orðið, dreifingu þeirra og hvernig styrkur þeirra verður vaktaður. Enn fremur þarf að upplýsa eftir því sem hægt er hvaða breytingar verði á mengunarmálum með nýrri brennslustöð.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um staðsetningarkosti nýrrar móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöðvar. Gera þarf grein fyrir hvaða svæði komu til greina, sbr. kafla 2.4. Gera þarf grein fyrir þeim gögnum sem lágu fyrir við mat á þeim svæðum sem komu til skoðunar og leggja mat á þann kost sem bent var á í athugasemd. Rökstyðja þarf staðarval m.a. með tilliti til sjónrænna áhrifa, séð frá, íbúðabyggð, vegum og gönguleiðum.
8. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 11. júní 2019.

Reykjavík, 6. maí 2019

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson